

ENDURBYGGING SJÓVARNARGARÐS Í GRÓTTU, SELTJARNARNESBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging sjóvarnargarðs í Gróttu, Seltjarnarnesbæ, sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á útlit fjöru, að verkinu loknu, bæði vegna efnisflutninga og endurhleðslu varnargarðsins, verði ekki neikvæð. Sjór muni fljótlega afmá öll ummerki eftir vélar og tæki og endurhleðsla garðsins muni hafa jákvæð áhrif á ásýnd hans. Til að lágmarka áhrif á fuglalíf verði framkvæmdin ekki unnin á varptíma, það er á tímabilinu frá 1. maí til 1. júlí. Við framkvæmdina verði tekið fullt tillit til ábendinga er koma fram í umsögn Fornleifaverndar ríkisins, áhrif á fornleifar verði því óveruleg. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Seltjarnarnesbæjar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Seltjarnarnesbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2009.

INNGANGUR

Þann 11. febrúar 2009 tilkynnti Seltjarnarnesbær endurbætur á sjóvarnargarði í Gróttu, Seltjarnarnesi, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seltjarnarnesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 9. mars 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. mars 2009, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 2. mars 2009, Siglingastofnun með bréfi dags. 10. mars 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. mars 2009. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti 18. mars 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur í gögnum að Seltjarnarnesbær fyrirhugi endurbætur á sjóvarnargarði við bátaskýli Rótarýklúbbs Seltjarnarness í Gróttu, sem áður var sjóbúð Alberts Þorvarðarsonar. Gert sé ráð fyrir að nýta það efni sem er til staðar og endurhlaða ásamt nýju efni sem flytja þarf á framkvæmdasvæðið. Sjóvarnargarðurinn sé 50 metra langur og hæðin breytileg, eftir hæðarlegu landsins umhverfis hann, eða 1-2 metrar. Gert sé ráð fyrir að um 25 m³ þurfi af grjóti til viðbótar við það sem er á staðnum og um 50 m³ af efni vegna jarðvegsskipta undir varnargarðinum. Flutningur á efni út í Gróttu og umframefni frá verkstaðnum fari fram á fjöru og munu öll merki umferðar í fjörunni hverfa þegar flæðir að. Áætlað sé að framkvæmdir við verkið taki 2-3 vikur.

Áhrif á landslag, útvist og upplifun. Fram kemur að lögð verði áhersla á að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á landslag, útvist og upplifuna á svæðinu og að framkvæmdum loknum sjáist engin merki framkvæmdarinnar sem truflað geti upplifun og fjölbreytni svæðisins.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að framkvæmdin verði utan varptímans sem er miðaður við 1. maí til 1. júlí og lögð áhersla á að trufla fuglalífið í Gróttu sem minnst. Framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á gróðurfar og leitast verði við að raska fjörunni sem minnst. Gengið verði þannig frá að sá gróður sem fyrir er á svæðinu nái að festa rætur á ný umhverfis endurnýjaðan sjóvarnargarðinn.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 verði skráðar og einnig aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri).

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við áherslur aðalskipulags Seltjarnarnes 2006-2024 um að varðveita menningarminjar á Seltjarnarnesi og gera minjar aðgengilegar eins og aðstæður leyfa. Gert sé ráð fyrir frekari stefnumörkun og útfærslum í deiliskipulagi sem er í vinnslu og nái til friðlandsins á Vestursvæði Seltjarnarness.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Seltjarnarnesbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun telja að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð og að framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að í Gróttu séu ýmsar minjar samkvæmt fornleifaskráningu og m.a. talið að elsta hluta sjávargarðsins, sem enn sé varðveittur, sé að finna á Gróttu austanverðri, norðan Grandans. Skammt norðan eða norðaustan við sjóbúðina sé heilleg gömul hleðsla. Götuslóði liggi milli hennar og sjóbúðarinnar. Fyrirhugaður sjóvarnargarður nái að götuslóðanum og gerð hans ætti því ekki að raska þessari hleðslu. Framan við sjóbúðina standi undirstöður bryggju og dráttarbrautar. Þær undirstöður sem næst standi sjóbúðinni gætu verið í hættu vegna fyrirhugaðs sjóvarnargarðs. Þessar minjar líkt og aðrar minjar við sjóbúðina séu frá 20. öld eins og því ekki fornleifar í skilningi laga og njóta því ekki verndar laganna en að mati Fornleifavernd ríkisins mikilvægt að þær verði varðveittar. Því þurfi að áliti stofnunarinnar að haga framkvæmdum við gerð nýs sjóvarnargarðs með þeim hætti að þær raski ekki minjunum. Stofnunin telji að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar og að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Með tölvupósti 18. mars 2009 tekur framkvæmdaraðili fram að framkvæmdum verði hagað þannig að fullt tillit verði tekið til ábendinga þeirra sem koma fram í umsögn Forleifaverndar ríkisins og í samræmi við 13. gr. Þjóðminjalaga.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að strönd Gróttu hafi að mestu verið hlaðin upp vegna landsigs og því sé hér líklega aðeins um nauðsynlegt viðhald að ræða sem eftir því sem best verður séð brjóti ekki gegn þeim reglugerðum sem eftirlitið starfar eftir.

Siglingastofnun bendir á að verkið er ekki á sjóvarnaáætlun Siglingastofnunar og því ekki styrkt af ríkinu. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að vernda menningarminjar gegn landbroti, hún sé smá í sniðum, sjór muni fljótlega afmá öll ummerki eftir vélar og tæki og endurhleðsla garðsins muni auk þess hafa jákvæð áhrif á ásýnd hans. Framkvæmdaaðila er bent á að í jarðvegsskipti undir garði væri tryggara að nota sprengdan kjarna.

Umhverfisstofnun bendir á að um sé að ræða litla framkvæmd sem megi vinna utan varptíma til að lágmarka áhrif á fuglalíf og haga flutningum þannig að ummerki um þá verði hverfandi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbætur á sjóvarnargarði við bátaskýli Rótarýklúbbs Seltjarnarness í Gróttu. Gert er ráð fyrir að nýta það efni sem er til staðar og endurhlaða ásamt nýju efni sem flytja þarf á framkvæmdasvæðið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á útlit fjöru, að verkinu loknu, bæði vegna efnisflutninga og endurhleðslu varnargarðsins, verði ekki neikvæð. Sjór muni fljótlega afmá öll ummerki eftir vélar og tæki og endurhleðsla garðsins muni hafa jákvæð áhrif á ásýnd hans. Til að lágmarka áhrif á fuglalíf verði framkvæmdin ekki unnin á varptíma, það er á tímabilinu frá 1. maí til 1. júlí. Við framkvæmdina verði tekið fullt tillit til ábendinga er koma fram í umsögn Fornleifaverndar ríkisins, áhrif á fornleifar verði því óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Seltjarnarnesbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Seltjarnarnesbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar endurbætur á sjóvarnargarði í Gróttu séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Seltjarnarnesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Seltjarnarnesbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. apríl 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson